

Aukakirkjuþing 2022

1. mál – þskj.1

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir aukakirkjuþing 2022).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Guðlaugur Óskarsson.

1. gr.

Í stað orðanna „1. maí 2022“ í 2. gr. starfsreglna nr. 30/2021-2022 um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 komi: 1. janúar 2023.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um Þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Á 9. fundi kirkjuþings 2021-2022, þann 28. mars 2022, voru samþykktar starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum, 30. mál kirkjuþings 2021-2022. Um var að ræða sameiningu Breiðabólstaðar-, Melstaðar-, Skagastrandar- og Þingeyraklaustursprestakalla í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi í eitt prestakall, Húnavatnsprestakall. Starfsreglurnar voru birtar á opnum vef kirkjuþings 29. mars 2022. Þær öðlast gildi 1. maí 2022.

Forseta kirkjuþings, forsætisnefnd þingsins og biskupi Íslands barst bréf frá formönnum fjögurra sóknarnefnda í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, dags. 5. apríl 2022, vegna framangreindrar samþykktar kirkjuþings. Bréfið er aðgengilegt í gagnaherbergi aukakirkjuþings 2022 hér: <https://kirkjan.coredata.is/doc/6da89068-3fab-11e6-bcc9-f34f4f10d2c3/?parent=862975bc-c3d0-11ec-838c-df7bb7b91c04>

Formennirnir telja að framangreind samþykkt sé nokkrum annmörkum háð eins og nánar er skýrt í bréfinu.

Forsætisnefnd kom saman 13. apríl 2022 og var erindið þá tekið fyrir. Biskup Íslands kom á fund nefndarinnar af því tilefni.

Forsætisnefnd ákvað að rétt væri að kalla saman aukakirkjuþing og leggja fram breytingartillögu við starfsreglurnar þess efnis að gildistöku sameiningarinnar verði frestað til 1. janúar 2023. Þá verði hægt að athuga hvort mögulegt sé að bæta úr meintum framangreindum annmörkum. Biskup mun kynna málið á héraðsfundi Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis, sem verður 11. júní nk.

Lagt er til að starfsreglur þessar öðlist gildi við birtingu á opnum vef kirkjunnar.